

Keflavíkurflugvelli, 16. maí 2012

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Efni: Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar olíubirgðastöðvar EBK á Keflavíkurflugvelli.

Til samræmis við ákvæði greinar 1.5 í starfsleyfi olíubirgðastöðvar EBK á Keflavíkurflugvelli sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gaf út, staðfestir EBK ehf. eftirfarandi frágang komi til rekstrarstöðvunar olíubirgðastöðvarinnar.

Stöðvun rekstrar

Starfsleyfishafi skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja um stöðvun reksturs innan mánaðar.

Starfsleyfishafi skal sjá til þess að úrgangsolíu og öðrum úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt.

Frágangur geyma

Birgðageyma skal tæma af eldsneyti, hreinsa og gasfría. Búa skal þannig um stiga sem á þeim eru, að ekki sé hægt með einföldum hætti að komast upp þá. Mannop skulu vera lokuð, þó þannig að það lofti um geyma.

Frágangur olíuskilju

Olíuskilju skal tæma af eldsneyti og hreinsa. Læsa skal loki ofan á skiljunni þannig að aðgengi sé hindrað.

Frágangur lagna

Lagnir skal tæma af eldsneyti og hreinsa þannig að ekki sé hætt á gasmyndun í þeim.


Frágangur húsnæðis

Frá öðrum mannvirkjum á lóð birgðastöðvar skal þannig gengið frá að ekki stafi hætt á af þeim.

Frágangur lóðar

Fjarlægja skal sýnilegan mengaðan jarðveg og ganga úr skugga um að ekki stafi hætt á af hliðum og girðingum.

Virðingarfyllt,
f.h. EBK ehf.



Halldór Kristjánsson